

HELGI GÍSLASON

Sýningin er tileinkuð föður mínum Gísla Eiríkssyni

EFNI, FORM OG . . . YFIRBORD.

Verk Helga Gíslasonar myndhöggrara eru ekki hönnuð á teikniborðinu og útfærð af vanda-lausum handverksmönnum, líkt og verk fjölmargra nútíma myndhöggrara, heldur verða þau til af glímunni við efnið á meðan listamaðurinn vinnur.

I upphafi er að vísu hugmynd. Og oftast efni. En verk er ekki takmarkað af hugmynd og ein-hvers staðar á ferlinum getur verk tekið upp á því að fara eigin ófyrirsjánlegar leiðir. Útkoman er málamiðlun milli efnis og hugmyndar.

Það hefur verið eitt af lögmálum nútímaskúlpáurs að eiginleikar efnis ráði formi. Helgi hefur hins vegar ákveðið að „efnisins verðleikar“ ráði ekki yfir listamanninum, heldur ráði listamaðurinn yfir efninu og gefi því form.

Þannig fær t.d. járnplata, alþekkt fyrir ósveigjanleika sinn, á sig two prótókollvafninga í með-fórum listamannsins og með því forframað og göfugt yfirbragð. Á sama hátt verður ryðgað yfirborð plötunnar að mjúku flaueli, þegar það hefur verið vaxborið. Og hvers vegna skyldi lista-manni ekki geta dottið í hug að tina brons silfurgrátt á lokastigi vinnslunnar ef „verkið krefst þess“?

Gler er í eðli sínu gagnsætt og brothætt. Oftast líka þunnt og áferðarslétt. Helgi hefur hins veg-ar ákveðið að gefa tilfinningu fyrir því sem þúngu og massífu efni, án þess að það glati ýmsum sérlegum glereiginleikum sínum eins og að hleypa ljósi í gegnum sig. Það gerir hann með því að módelera það og steypa í klumpa með sambærilegri steypitækni og málminn.

Verk Helga standa ekki á stöpli. Þau standa hins vegar sum á einum bronsfæti. Kantaðir pyrá-mídarnir og oddskarpir uggarnir sem áður risu út úr mjúku yfirborðinu eru orðnir að bronskal-eikum fylltum massífum kristalsdropum.

Helgi hefur alltaf unnið í fjölbreytileg efni; járn, tré, gifs, brons, stál . . . og er stöðugt að gera tilraunir með ný efni; gler, kristal, vax. . . Oft teflir hann saman í einu verki tveimur, jafnvel þremur ólíkum efnum.

Hann hóf að steypa verk sín í brons fyrir 15 árum og hefur alltaf fremur verið maður hinna endanlegu og óforgengilegu efna. Hann er líka maður hinna fallegu efna. Þau efni eiga það flest sameiginlegt að vera dýr og krefjast langs og flókins vinnuferlis.

Par sem aðalvettvangur listamannsins hefur lengi verið málsteypan, þá verða verk hans til úr fljótandi efni og eru upphaflega unnin í mjúkt efni. Verkin eru þó ekki eiginlegar afsteypur í hefðbundnum skilningi þess orðs, því þegar búið er að steypa er aðeins lokið ákveðinni for-vinnu við verk. Þá á eftir að klípa málminn sundur, beygla hann og beygja. Sjóða hann og gera deigan til þess að geta hamrað hann og mótað. Fá fram lit og fá fram áferð. Umfram allt þó áferð.

Höggmyndir Helga eru ekki aðeins efni og form í tilteknu rými, heldur líka flötur, yfirborð, áferð, jafnvel litur. Verkin byggja ekki eingöngu á rýmishugsun, heldur hefur listamaðurinn líka áhuga á höggmynd sem yfirborði á massa; á sambandi teikningar og höggmyndar. Yfirborðs-áferð höggmynda má að vissu leyti líkja við pensilför í málverki og margbreytileg meðhöndlun efnisins, – með ummerkjum eftir ýmis tól og tæki, – gerir yfirborð verka Helga bæði lífræn og tilfinningahlaðin.

Verk Helga Gíslasonar eru hvorki fullyrðingar um rýmið sem þau eru staðsett í né staðhæfingar um upplifun áhorfenda á því sama rými. Upplifun áhorfanda er ekki fyrirfram innbyggð í merkingu verkisins. Verkin eru formrænir skúlpúrar, höggmyndir í klassískri merkingu þess orðs. Listamaðurinn kemur fyrstur, þá hugmyndin, síðan efnið og formið, þá aftur hugmynd, meira unnið efni og annað form, síðan hugsanlega áhorfandi.



Höggmynd 1992, efni brons/tin stærð 160×65

Helgi Gíslason, Vogaseli 3, 109 Reykjavík

NÁM:

Myndlista- og handiðaskóli Íslands	1965–1969
Frfjáls myndlistadeild við sama skóla	1970–1971
Valand listaháskóli Gautaborg	1971–1976

STARFSFERILL:

Aðstoðarkennari við Valand listaháskóla í Gautaborg	1973–1975
Kennari á listasviði Fjölbraudaskólans í Breiðholti	1977–
Félagi í FÍM frá 1977 og í stjórn þess um tíma	
Félagi í Myndhöggrávarfélagi Reykjavíkur frá 1977 og formaður þess um tíma.	
Sat í safnráði Listasafns Íslands 1984–1988.	
Deildi 3. verðlaunum í samkeppni um útiverk við flugstöð Leifs Eiríkssonar 1985.	
Hlaut 1. verðlaun í samkeppni um útiverk við Útvarpshúsið í Reykjavík 1986.	
Deildi 1. verðlaunum ásamt tveimur arkitektum um breytingar á Fossvogskirkju í Reykjavík 1989.	
Hlaut bjartsýnisverðlaun Bröste 1991.	

EINKASÝNINGAR:

Kjarvalsstaðir Reykjavík	1992
Gallerí Borg Reykjavík	1988
Kjarvalsstaðir Reykjavík	1986
Gallerí Vömel Dusseldorf Pýskalandi	1986
Bfg Gallerí Hamborg Pýskalandi	1986
Museum für Naturkunde Freiburg Pýskalandi	1986
Gallerí í Frankfurt Pýskalandi	1986
Rathaus Köln-Pors Pýskalandi	1986
Gallerí Kunstlich V-Berlin	1985
Listmunahúsið Reykjavík	1985
Kjarvalsstaðir í Reykjavík	1983
Norræna húsið Reykjavík	1977

SAMSÝNINGAR:


Hefur tekið þátt í fjölda samsýninga hér sem erlendis frá 1970.

VERK Í OPINBERRI EIGU:

Lágmynd Íslandsbanka Grensásvegi steinsteypa stærð 150×110	1975
Listasafn Íslands höfuð brennt í leir	1977
Lágmynd til minningar um Sigvalda Kaldalóns steypt í brons stærð 140×120	1978
Höggmynd við Skálatúnshheimilið steinsteypa stærð 80×100	1978
Listasafn Íslands skulptúr steyptur í brons stærð 70×40	1983
Listasafn Reykjavíkur skulptúr steypur í brons stærð 110×50	1983
Fjórar veggmyndir á Fiskiðjunni Húsavík efni ryðfrítt stál stærð 900×300	1985
Lágmynd í anddyri Hótel Sógu smiðuð í kopar stærð 300×180	1986
Lágmynd í minningu Chirbeck landlæknis efni bronssteypa og blágrýti stærð 200×60	1986
Dyr Seðlabanka Íslands lágmynd steypt í brons stærð 500×220	1987
Höggmynd til minningar um séra Valdimar Briem Stóra-Núpi efni blágrýti og ryðfrítt stál stærð 300×40	1988
Höggmynd til minningar um Árna Thorlacius Stykkishólmi smiðaður í ryðfrítt stál og blágrýti stærð 280×300	1989
Höggmynd til minningar um Thor Jensen Hallargarðinum Rvk. efni bronssteypa, ryðfrítt stál og blágrýti hæð 550	1989




Höggmynd 1991, efni brons/gler stærð 125x37



1988

Höggmynd til minningar um sjómenn Höfn Hornafirði eftir efnibronsi og steinsteypa
stærð 900x80. Stærð á bronsi 160x80.



1989–1990

Altarismynd altari, skírnarfontur, ræðustóll, kertastjakar og dyr Fossvogskirkju
Reykjavík, efni bronssteypa, gler, kopar og grágrýti, stærð altarismyndar 540×520

Sýning á Kjarvalsstöðum apríl '92